

Fimmtudaginn 20. nóvember 1947.

Nr. 167/1946. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Ragnar Ólafsson)

gegn

Kristjáni Hannessyni

(Hrl. Kristján Guðlaugsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Manndráp af gáleysi. Brot gegn umferðarlögum og bifreiðalögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt úrskurði hæstaréttar 12. marz s. l. hefur hér-aðsdómarinn háð framhaldsrannsókn í málinu. Kom þá fyrir dóm bifreiðarstjóri sá, er flutti hinn slasaða að sjúkrahúsi. Kveðst bifreiðarstjóri þessi hafa verið á leið frá Hafnarfirði til Reykjavíkur. Er hann var að aka niður brekkuna sunnan brúarinnar í Kópavogi á um 25—30 mílna (þ. e. á milli 40 og 50 km) hraða, miðað við klukkustund, sá hann í spegli bifreiðar sinnar, að bifreiðin G 95 kom á eftir honum. Skipti það engum togum, að G 95 geystist fram úr á að minnsta kosti 70 km hraða, miðað við klukkustund, að því er nefndur bifreiðarstjóri telur. Hvarf G 95 síðan sjónum bifreiðarstjórans um stund, en er hann kom á Digranesháls, sá hann, að hún hafði stöðvazt við Sléttuveg. Bendir þessi framburður bifreiðarstjórans svo og vætti hjólreiðarmannanna til þess, að ákærði hafi ekið hraðar en hann vill vera láta.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hjólreiðarmennirnir hafi verið í um 400 metra fjarlægð, er hann fyrst kom auga á þá. Veitti hann því þegar athygli, að tveir þeirra, sem óku samhliða, voru óstöðugir á reiðhjólunum og fataðist stjórn þeirra. Af þessum sökum var ákærða sérstakt og brýnt efni til ýtrustu varkárni, er hann ók til móts við hjólreiðarmennina og fram hjá þeim. Bar honum þá m. a. að stilla hraða bifreiðar sinnar svo í hóf, að hún yrði stöðvuð mjög fljótlega, ef þörf gerðist. Er nefndir hjólreiðarmenn voru komnir

á hlið ákærða, kveðst hann hafa séð, að þeir rákust saman, misstu vald á hjólunum og féllu við. Bar ákærða þá þegar að neyta hemla bifreiðarinnar til fullnustu og stöðva hana svo fljótt sem unnt var. Þetta gerði ákærði ekki. Þykir hann því hafa orðið samvaldur að slysinu, sem að verulegu leyti verður hins vegar rakið til þess, að hjólreiðarmennirnir rákust saman.

Háttsemi ákærða varðar við 26., 27. og 28. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. og 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 215. gr. sbr. niðurlagsákvæði 19. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Er refsing ákærða hæfilega ákveðin 2500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna og 68. gr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða rétti til bifreiðarstjórnar 1 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Það er mjög aðfinnsluvert, að lögreglumenn þeir, er komu á vettvang eftir slysið, gerðu engar ráðstafanir til rannsóknar verksummerkja né athugunar á bifreiðinni. Þá hefur rannsókn málsins eigi verið rekin með nægilegri röksemd af hendi dómara, t. d. vitna eigi leitað sem skyldi.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Kristján Hannesson, greiði 2500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi eitt ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Ragnars Ólafssonar og Kristjáns Guðlaugssonar, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 27. september 1946.

Ár 1946, föstudaginn 27. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 3638/1946: Réttvisin og valdstjórnin gegn Kristjáni Hannessyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins höfðað af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Kristjáni Hannessyni bifreiðarstjóra, Norðurbraut 9 í Hafnarfirði, til refsingar og málskostnaðargreiðslu fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 og reglugerð nr. 23 17. febrúar 1943.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. nóvember 1921 í Keflavík. Þann 2 $\frac{1}{6}$ 1943 var hann sektaður í Hafnarfirði um 20 kr. fyrir brot gegn bifreiðalögum, en að öðru leyti hefur hann hvorki sætt kærú né refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Sunnudaginn 11. ágúst s. l. klukkan 13,15 ók ákærði, sem var að öllu leyti vel fyrir kallaður, áætlunarbifreiðinni G 95 frá Hafnarfirði áleiðis til Reykjavíkur. Veður var mjög gott, glaða sólskin og vegir þurrir. Var þetta fyrsta áætlunarferð ákærða þenna dag, en hann átti að aka til kl. 0,30 um kvöldið. Í Fossvogi á milli Fossvogsvegur og Sléttuvegur mætti hann fjórum færeyskum mönnum á reiðhjóli. Ók hann, eins og hjólreiðarmennirnir, vel vinstra megin eftir akbrautinni. Einn þeirra, Meinhard Lamhauge, ók þá fram með einum samferðamanna sinna, bróður sínum Christian Lamhauge, og rakst á öxl hans með þeim afleiðingum, að þeir féllu báðir af reiðhjólunum. Föll Meinhard Lamhauge að áætlunarbifreiðinni og mun hafa orðið undir hægri afturbjólum hennar, en þau eru tvöföld, og beið bana af. Var hann fluttur á Landspítalann í bifreið, sem bar þarna að litlu síðar, og lögreglunni gert aðvart um slysið.

Lögregluþjónarnir Jóhann Óskar Ólafsson, Eiríksgötu 23, og Elís Herluf Hannesson, Spítalastíg 1, fóru þegar á slysstaðinn og hittu þar ákærða og einn Færeyinganna, Christian Valdimar Petersen smið, Hringbraut 33, 27 ára að aldri. Skildist þeim lögregluþjónunum, að ekkert alvarlegt slys hefði orðið, og að mennirnir gætu litið um slysið sagt, svo að þeir skrifuðu aðeins upp nöfn manna og sögðu þeim að fara til rannsóknarlögreglunnar, en gáfu enga skýrslu um slysið. Við svo búiið fóru lögregluþjónarnir burtu af slysstaðnum án þess að reyna bifreiðina eða mæla upp slysstaðinn. Sigurður Magnússon löggæzlumaður, sem hafði vakt hjá rannsóknarlögreglunni þenna sunnudag, frétti ekki af slysinu fyrr en síðar um daginn, og hófst því ekki rannsókn á því fyrr en næsta dag, mánudaginn 12. ágúst s. l. Þann 14. ágúst s. l. var svo Aðalsteinn Ríchter

arkitekt fenginn til að gera mælingar af slysstaðnum og uppdrátt, sem lagður hefur verið fram, rskj. nr. 7, og hefur hvorki ákærði né vitni haft nokkuð við hann að athuga. Var bifreiðin staðsett eftir ummerkjum, sem enn sáust, hemlafari og umsögn ákærða, lögregluþjónanna og vitnisins Helga Zofoniasar Guðmundssonar, sem kom á slysstaðinn skömmu eftir að slysið varð.

Ákærði, sem var einn í bifreiðinni, kveðst hafa komið auga á reiðhjólamennina talsverðri stundu áður en hann mætti þeim. Hafi þeir ekið vel vinstra megin eftir akbrautinni, hvorki hratt né hægt. Hann kveðst hafa ekið á um 20 til 25 km hraða, miðað við klukkustund, er slysið varð, en nokkru áður hafi hann dregið úr hraða bifreiðarinnar, sem þá hafi verið um 40 km, miðað við klukkustund, þar eð hann hafi séð hik á manni þeim, er varð fyrir slysinu. Hann segist hafa séð út um hliðarrúðu bifreiðarinnar, er mennirnir tveir rákust saman, og hafi hann þá ekið vinstri hjólum bifreiðarinnar út fyrir malbik akbrautarinnar, en beggja megin við hana er malar-kantur. Um leið og hann sá Meinhard Lamhauge falla í áttina að bifreiðinni, kveðst hann hafa stöðvað hana, en segist þó ekki hafa hlemlað snögglega, enda hafi hann ekki getað fundið, að maðurinn kæmi við bifreiðina eða að hjól hennar færu yfir hann. Telur ákærði, að hafi svo verið, muni hann áreiðanlega hafa orðið þess var. Ákærði kveðst hafa stöðvað bifreiðina til þess að athuga, hvort Meinhard Lamhauge hefði meitt sig, en er hann kom út úr bifreiðinni, lá Meinhard skammt fyrir aftan hana og mun þegar hafa verið örendur.

Vitnið Christian Esmar Lamhauge trésmiður, 29 ára að aldri, segir þá félagar hafa tekið eftir bifreiðinni löngu áður en þeir mættu henni. Hafi þeir ekið á meðal ökuhraða reiðhjóla, en kveður bifreiðinni hafa verið ekið hratt vinstra megin á akbrautinni, varla undir 50 km hraða, miðað við klukkustund, en hefur ekki getað sagt um, hvort vinstri hjól hennar hafi verið fyrir utan malbik vegarins, en segir þó, að þau hafi verið þar, er bifreiðin var stönuð. Rétt áður en þeir mættu bifreiðinni, kveður vitnið bróður sinn Meinhard hafa ekið fram með því og rekizt á hægri öxl þess, en þeir báðir fallið við þetta. Ekki hafi það þó séð, hvort bróðir þess hafi fallið á bifreiðina eða orðið undir hjólum hennar. Segir það ákærða hafa hlemlað strax og bifreiðina hafa stöðvazt nokkrum metr-um fyrir ofan stað þann, er Meinhard Lamhauge lá á, en hann hafi legið þversum á veginum, höfuð hans snúið í vestur, og hann virtist þegar dáiinn. Ekki veitti vitnið því athygli, hvort hemlaför hefðu sézt eftir hjól bifreiðarinnar.

Vitnið Meinhard Herberg Siggert Hansen verkamaður, 20 ára að aldri, skýrir svo frá, að það hafi ekið á reiðhjóli undan bræðrunum Meinhard og Christian Lamhauge, er slysið varð. Kveður það þá félagar hafa ekið nokkuð hratt. Rétt eftir að vitnið hafði mætt bifreið-

inni, segist það hafa horft um öxl og séð þá, hvar Meinhard Lamhauge kastaðist utan í bifreiðina annaðhvort rétt fyrir framan afturhjólin eða á þau og síðan fallið á götuna, en Christian fallið á götuna eða vegarbrúnina. Kveður vitnið Meinhard Lamhauge hafa reynt að verjast falli með því að bera hægri fót fyrir sig, en ekki getað það. Ekki telur vitnið hjól bifreiðarinnar hafa farið yfir Meinhard Lamhauge, en segir hana hafa stöðvazt 5 til 10 metra frá slysstaðnum. Segir vitnið hann munu þegar hafa látizt og kveður höfuð hans hafa snúið niður eftir veginum eða sem næst í suðvestur. Kveður vitnið bifreiðinni hafa verið ekið hratt, á 50 til 60 km hraða, miðað við klukkustund, að því er það telur. Ekki athugaði vitnið, hvort hemlaför saúst á slysstaðnum.

Vitnið Christian Valdimar Petersen kveðst hafa ekið á reiðhjóli á eftir bræðrunum Meinhard og Christian Esmar Lamhauge, er slysið varð. Segir vitnið þá félagar hafa ekið nokkuð hratt vinstra megin eftir veginum, enda hallaði undan. Bifreiðinni kveður það einnig hafa verið ekið nokkuð hratt, en þó ekki hraðara en bifreiðum er almennt ekið fyrir utan bæinn. Vitnið kveðst hafa séð, er áreksturinn varð á milli bræðranna Meinhards og Christians Lamhauge, og hafi Meinhard reynt að bera hægri fót fyrir sig til að verjast falli, en það ekki tekizt. Ekki kveður vitnið Meinhard hafa fallið utan í bifreiðina, en segir hjól hennar hafa farið yfir hann. Kveðst vitnið hafa séð hemlaför eftir bifreiðina, og er hún hafði verið stöðvuð nokkrum metrum frá slysstaðnum, hafi vinstri hjól hennar verið fyrir utan malbikuðu brautina. Eins og ákærði, kveður vitnið Meinhard Lamhauge hafa legið þannig á veginum, að höfuð hans hafi snúið í vestur.

Lögregluþjónarnir Jóhann Ólafsson og Elis Hannesson kveða um 11 metra langt hemlafar hafa sézt eftir hægri hjól bifreiðarinnar í malbikinu á slysstaðnum, Eins og fyrr greinir, var far þetta enn sjáanlegt, er mælingar voru gerðar á slysstaðnum 14. ágúst s. l., enda var malbikið nokkuð bráðið af sólarhitnum, þegar slysið varð. Kveður Jóhann Óskar, að þetta hafi ekki verið hreint hemlafar, heldur eins og „tekið hefði verið í hjólin“. Kveður Elis Herluf einnig hafa mátt sjá hemlafar eftir vinstri afturhjóli bifreiðarinnar í malarkantinum, en það hafi þó verið styttra. Þá segja þeir lögregluþjónarnir og ákærði, að fyrir aftan bifreiðina, þar sem hún stóð á slysstaðnum, hafi á tveggja metra kafla ekki verið sjáanlegt hemlafar eftir ytra afturhjólið hægra megin, eins og sýnt er á uppdrættinum, rskj. nr. 7.

Ákærði kveður ekkert hafa dregið athygli sína frá akstrinum og segir sólskinið hafi ekki verið sér til trafala á nokkurn hátt. Bifreiðina kveður hann að öllu leyti hafa verið í góðu lagi, og hafa þrjú vitni borið það, að um morguninn, daginn, sem slysið varð, hafi verið litið eftir því, hvort bifreiðin væri í góðu lagi, og hafi

það reynzt svo. Hemlar bifreiðarinnar voru sérstaklega athugaðir og gengið þannig frá þeim, að þeir voru jafnir á öllum hjólum.

Eins og fyrr greinir, mun Meinhard Lamhauge hafa andazt þegar á slysstaðnum. Leiddi krufning í ljós, að hann hafði skaddazt mjög mikið. Í krufningarskýrslu rannsóknarstofu Háskólans segir, að bókstaflega öll rifbein mannsins hafi verið brotin, og sex þau neðstu vinstra megin tvíbrotin. Hryggurinn hafi verið þverbrotinn milli 5. og 6. brjóstliðs. Mjaðmagrindin tvíbrotin og hægri lærleggur þverbrotinn rétt ofan miðs læris. Lifrin verið stórlega sprengd, þindin rifin vinstra megin og marblæðing aftan á heila. Að öllu þessu athuguðu sé ljóst, að slasaði hafi hlotið að verða fyrir þungum þrýstingi, að því er virðist eftir endilöngum bolnum, og látizt samstundis.

Eins og öllum atvikum er lýst hér að framan, verður ekki séð, að ákærði hafi að nokkru leyti orðið valdur að dauða Meinhards Lamhauge með ógætilegum eða of hröðum akstri. Að visu hefur því verið haldið fram af Færeyingunum þremur, að bifreiðinni hafi verið ekið nokkuð hratt, og hafa tveir þeirra gizkað á, að henni hafi ekki verið ekið undir 50 km hraða, miðað við klukkustund, en sá þriðji segir, að henni hafi ekki verið ekið hraðar en bifreiðum er almennt ekið fyrir utan bæinn. Allt eru þetta ágizkanir manna, sem ekki kunna að aka bifreið og eru jafnframt sjálfir á ferð á reiðhjólum. Þykir því verða að leggja framburð ákærða til grundvallar um hraða bifreiðarinnar. Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða af öllum ákærum réttvisinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu og dæma rikissjóð til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Kristján Hannesson, skal vera sýkn af öllum ákærum réttvisinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr rikissjóði.